

Nd.

685. Frumvarp til laga

[10. mál]

um breyting á lögum nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. maí.)

1. gr.

Í stað orðsins „ríkissjóð“ í 1. gr. laganna komi: erfðafjár sjóð.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskatts er ákveðin þannig:

- A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, sem lifir hitt, til niðja, kjörniðja og fósturbarna, svo og af þriðjungshluta, ef ráðstafað hefur verið með erfðaskrá til annarra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
- | | |
|-------------------------|-----|
| Af fyrstu 200 þús. | 5% |
| — næstu 200 — | 6% |
| — — 200 — | 7% |
| — — 200 — | 8% |
| — — 200 — | 9% |
| og þar yfir | 10% |
- B. Af erfðafé, sem hverfur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
- | | |
|-------------------------|-----|
| Af fyrstu 200 þús. | 15% |
| — næstu 200 — | 17% |
| — — 200 — | 19% |
| — — 200 — | 21% |
| — — 200 — | 23% |
| og þar yfir | 25% |
- C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
- | | |
|-------------------------|-----|
| Af fyrstu 200 þús. | 30% |
| — næstu 200 — | 34% |
| — — 200 — | 38% |
| — — 200 — | 42% |
| — — 200 — | 46% |
| og þar yfir | 50% |
- D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana, skal greiða 10 af hundraði.

3. gr.

Í stað „tilsk. 25. sept. 1850 10. gr.“ í niðurlagi 1. mgr. 3. gr. komi: erfðalög nr. 8 14. marz 1962.

Í stað orðsins „ríkissjóðs“ í 3. mgr. 3. gr. komi: erfðafjár sjóðs.

4. gr.

Í stað „100“ í 1. mgr. 6. gr. komi: 10000.

Í stað „10“ í 2. mgr. 6. gr. komi: 1000.

Í stað orðsins „stjórnarráðinu“ í síðustu mgr. 6. gr. komi: félagsmálaráðuneytinu.

5. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ í 2. mgr. 10. gr. komi: félagsmálaráðuneytið.

6. gr.

Fyrri mgr. 12. gr. hljóði svo:

Ef ekki fer fram sala á opinberu uppboði á fjármunum, öðrum en fasteignum, sem falla í erfðir, skal skiptaráðandi útnefna óvilhalla menn til þess að meta fjármunina til peninga, ef ætla má, að þeir nemi samtals 100 000 krónum. Fasteignir skal telja á fasteignamati.

7. gr.

Í stað orðsins „stjórnarráðið“ komi: félagsmálaráðuneytið.

8. gr.

Síðasti málsliður 14. gr. hljóði svo:

Með mál út af þessum efnum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.